


Hefur yfirdrifin karlmennska tröllriðið listum á okkar öld

Steinunn við eitt verka sinna.

Það álítur Steinunn Marteinsdóttir leirkerasmiður, sem nú sýnir að Kjarvalsstöðum og hvetur til þess að konur séu einlægar í verkum sínum og láti ekki mat karlmanna bæla sig.
— Við þurfum ekki endilega að reyna að vera einsog karlmenn, segir hún, — við eigum eitthvað fyrir okkur, eitthvað sérstakt, sem við eigum heimtingu á að sé viðurkennt.

Í átta ár hefur Steinunn ekki sent frá sér verk á sýningu og það fer ekki hjá því, að þeir sem þekktu verk hennar áður og skoða nú sýninguna að Kjarvalsstöðum, fyrstu einkasýninguna, verði varir mikilla breytinga. Verk síðustu ára eru ekki nytjahlutir, en ekki heldur skrautmunir. Leirinn er notaður til tjáningar, mörg verkanna eiga sér óbeina fyrirmynd í náttúrunni, önnur eru beinlínis náttúrulýsing og svo eru alveg nýir hlutir, sem lítt hafa sést áður hér á landi amk., veggmyndir úr leir, fyrirmyndirnar líka sóttar í náttúruna, Esjuna, Snæfellsjökul, nánasta umhverfið.

Sjálf segir Steinunn um breytinguna:

— Það er helst það, að ég hef ráðist í stærri verkefni, haft betri tíma til þess og betri aðstöðu. Það er fyrst og fremst viðhorfið sem hefur breyst, ég nálgast verkefnið nú af allt öðru viðhorfi en áður. Þegar ég rak verkstæði hér á árunum var ég að framleiða á markað og var að vinna fyrir mér. Ég komst alveg í strand og fékk yfir mig nóg af því að framleiða til að selja — vinna kannski í mánuð og selja svo etv. daginn eftir það sem kom úr ofninum. Ég var komin úti einhverja blindgötu og gat ekki hugsað mér að halda áfram.

Þegar Steinunn hætti með verkstæðið fór hún að kenna og hélt námskeið í leirkerasmíði fyrir almenning. Kennslan tók svotil allan hennar tíma í mörg ár og hún segist þá ekki hafa fengist við leirmótun sjálf nema sem leik eða tómstundagaman.

Besti skólinn

— En ég held, að þetta hafi verið minn besti skóli, segir hún. Tæknilega séð hef ég ekki grætt eins mikið á neinu einsog að hafa þessi námskeið. Ég þurfti að brenna einhver lifandis býsn fyrir nemendur og er því búin að fást óvenju mikið við brennslu og þar að auki hef ég orðið að glíma við tæknileg vandamál fyrir nemendur í uppbyggingu á hlutum og mótun hluta, sem ég hefði ekki rekið mig á hefði ég eingöngu verið að framleiða sjálf.

— Þú talaðir um tómstundagaman meðan þú varst að kenna. En síðan hefurðu greinilega unnið af mikilli alvöru.

— Ég hef unnið mun markvissara. Ég hætti að kenna 1973 og kenndi ekkert 1974 og fékk þá góðan tíma til að vinna að hugmyndum sem ég var jafnvel búin að ganga með árum saman, en hafði ekki komið í framkvæmd. Margar þeirra hugmynda sem ég hef verið að vinna úr eru mjög gamlar, allt frá námsárunum, sumar. Svo var ég búin að hafa það í huga í mörg ár að koma upp sýningu og dreif í því að panta sal og það ýtti náttúrlega á eftir mér við vinnuna.

Sýning ekki markmið

— Er það listamönnum einhver nauðsynleg hvatning að stefna að sýningu?

— Nei, og ég hef reynt að forðast að hafa sýninguna sem einhverskonar markmið. Hinsvegar kemur það af sjálfu sér, að þegar búið er að ákveða sýningardag, stað og stund, þá kemur á mann pressa og það getur verið ágætt, amk. fyrir lata manneskju einsog mig, sem leggur þá ósjálfrátt meira á sig.

Þegar ég ákvað að halda þessa sýningu átti ég heilmikið efni til og hefði þessvegna getað sýnt hvenær sem var. En þegar farið er að hugsa alvarlega um sýningu finnast manni kannski öll verkin sem eiga að koma á sýningunni vera ógerð. Óneitanlega hleypir það þá krafti í mann að hafa sýninguna framundan.

— Hefurðu á tilfinningunni þegar þú ert búin með eitt verk, að þú eigir eftir að gera það betur eða koma betur fram því sem þú vildir?

— Einmitt. Og þegar unnið er í leir verður tilhneigingin til þess arna kannski ennþá meiri. Verkið sem ég hugsa mér td. að hafa svona og svona verður kannski pínulítið öðruvísi þegar úr brennslunni kemur og þá þarf ég aftur að reyna að ná hinu, sem ég ætlaði mér í fyrra skiptið.

— En gildir þetta ekki líka um önnur efni, viðráðanlegri?


— Sjálfsagt. En mér finnst ég sjálf ná bestum árangri þegar ég vinn dálítið markvisst, tek fyrir eitt mótíf og vinn það aftur og aftur og reyni að fá sem mest útúr einu fremur en að vera að hlaupa úr einu í annað. Þó er þetta misjafnt. Stundum koma hugmyndir upp í kollinn sem verður að reyna að framkvæma strax. Ég hef svosem ekki neina reglu þannig, en hef samt mesta trú á markvissum vinnubrögðum.

Vildi læra allt milli himins og jarðar

Það má segja um Steinunni, að hún hafi alla tíð lifað og hrærst í listum, faðir hennar var Marteinn Guðmundsson myndhöggvari og eiginmaðurinn er Sverrir Haraldsson listmálari. Það er því von, að sú spurning vakni hvort þetta hafi haft áhrif á feril hennar sjálfrar sem listamanns eða val á listgrein.

— Óhjákvæmilega hefur það haft sín áhrif að vera svo að segja alin upp í listum. Ég á þeirri farsæld að fagna að hafa getað skotið nokkrum rótum í þann jarðveg sem ég er vaxin upp úr. Hinsvegar var það nánast tilviljun að ég fór úti keramik. Þegar ég fór til Þýskalands til náms var ég mjög óráðin í hvaða braut ég tæki, en bjartsýn og fannst lífið framundan og nægur tími til alls. Eiginlega ætlaði ég að læra allt milli himins og jarðar. Hafði teiknað svolítið og málað meðan ég var í skólanum hérna, var svo að fikta dálítið við grafiska tækni þarna úti, langaði að læra keramik, en langaði líka í höggmyndir, já ætlaði ákveðið í skúlptúr. Við skólann í Berlín voru tveir frægir kennarar, Hartung og Uldman. Ég var þá persónulega hrifin af Hartung og hans verkum og ætlaði að komast að hjá honum, en þá var allt fullt og ég komst ekki í deildina. Í staðinn fór ég í keramikdeildina og strax og ég byrjaði þar heillaði efnið mig svo, að ég var í henni það sem eftir var.

Framað þessu hefur hérlend keramik mest verið nytjahlutir, — öskubakkar, skálar, vasar o.s.frv., en í nýrri verkunum á sýningu Steinunnar er leirinn notaður markvisst til tjáningar. Hún



Frá sýningu Steinunnar að Kjarvalsstöðum.